

Mánudaginn 23. janúar 1956.

Nr. 147/1954. **Helgi Benediktsson** (Sigurður E. Ólason)  
 gegn  
**Jóni Kristjánssyni og gagnsök**  
 (Magnús Thorlacius).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Gerðardómur. Skaðabætur vegna vanefnda á námssamningi.

### Dómur Hæstaréttar.

Friðþjófur G. Johnsen héraðsdómslögmaður hefur sem setudómari kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1954. Hann krefst þess, að úr gildi verði felldur úrskurður gerðardóms, er í málinu greinir, honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaður úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið gjafsóknarleyfi 28. október 1954 og áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 2. nóvember 1954. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 28.000.00 með 6% ársvöxtum af kr. 25.000.00 frá 14. október 1949 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal málflutningslaun talsmanns hans í héraði og hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Aðaláfrýjanda ber að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, og hljóti gagnáfrýjandi þar af kr. 500.00, en ríkissjóður kr. 3000.00.

### Dómsorð :

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Málflutningslaun Magnúsar hæstaréttarlögmans

Thorlacius, talsmanns gagnáfrýjanda, Jóns Kristjánssonar, fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Aðaláfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, og hljóti gagnáfrýjandi þar af kr. 500.00, en ríkissjóður kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 4. ágúst 1954.**

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 31. júlí s.l., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Jóni Kristjánssyni, Kirkjubóli, Vestmannaeyjum, með stefnu, út gefinni 22. september 1953, birtri s. d., á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum. Hefur stefnandi, sem fengið hefur gjafsókn í málinu, gert þær réttarkröfur, að gerðardómur í samnefndu máli milli sömu aðilja frá 24. marz 1953 samkvæmt lögum nr. 100 frá 1938 verði staðfestur og stefnda verði gert að greiða kr. 25.000.00 í bætur og málskostnað, kr. 3000.00, og 6% ársvexti frá 14. október 1949 til greiðsludags, allt samkvæmt áðurnefndum gerðardómi, og að stefndi verði dæmdur til þess að greiða 6% ársvexti af kr. 3000.00 frá 25. marz 1953 til greiðsludags og loks, að tildæmdur verði málskostnaður fyrir héraðsdómi, eins og ekki væri um gjafsóknarmál að ræða, samkvæmt framlögðum reikningi, þar af kr. 600.87, sem stefnandi sjálfur eða umboðsmaður hans hafa staðið straum af, og þóknun, kr. 4000.00, verði tildæmd ríkissjóði, sbr. 174. gr. einkamálalaganna.

Stefnandi hefur látið mæta í málinu og gert þær réttarkröfur, að gerðardómurinn verði úr gildi felldur og ómerktur og hann sýknaður og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Sáttatílaun í málinu reyndist árangurslaus.

Í máli milli aðilja máls þessa út af sama ágreiningi og mál þetta snýst um, var kveðinn upp gerðardómsúrskurður 8. júní 1950 og síðan dómur á bæjarþingi Vestmannaeyja 2. desember 1950, en með dómi Hæstaréttar 21. nóvember 1951 var héraðsdómur ómerktur og málsmeðferð frá 29. júní 1950, og var málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Gekk síðan aftur dómur í málinu 16. febrúar 1952. Var þeim dómi áfrýjað til Hæstaréttar, og með dómi réttarins 21.

nóvember 1952 var úrskurður gerðardómsins frá 8. júní 1950 úr gildi felldur.

Málavextir eru í stuttu máli sem hér segir:

Hinn 1. nóvember 1946 réðst stefnandi sem nemandi í húsa-smíði til stefnda í máli þessu. Stefndi hafði þá í þjónustu sinni Snæbjörn Bjarnason trésmíðameistara, er skyldi sjá um kennsluna. Námssamningurinn var undirritaður af báðum aðiljum þann 1. nóvember 1946, stefnda sem lærimeistara og stefnanda sem nemanda, og auk þess af Kristjáni Kristóferssyni föður stefnanda sem fjárhaldsmanni hans, en hann var þá ólöggráða, og Snæbirni Bjarnasyni. Síðan var námssamningurinn áritaður og samþykktur af iðnaðarfulltrúunum í Reykjavík, og lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum ritaði á hann vottorð um, að samningurinn væri samkvæmt gildandi iðnlöggjöf. Í samningnum var tekið fram, að stefnandi skyldi hafa í kaup gildandi tímakaup verkamanna í Vestmannaeyjum, og skyldi það hækka eða lækka, ef kaup fastráðinna verkamanna hjá stefnda breyttist. Stefnandi skyldi sjálfur sjá sér fyrir fæði og húsnæði og standa straum af Iðnskólánámi sínu og prófkostnaði og leggja til handverkfæri. Önnur samningsatriði voru samhljóða venjulegum ákvæðum í náms-samningum.

Stefnandi hóf námið 1. nóvember 1946, en 26. s. m. veiktist hann og var óvinnufær til 12. ágúst 1947, að undanskildum 4 dögum í janúar, þ. e. frá 23. janúar til 27. s. m. Frá 12. ágúst 1947 vann stefnandi síðan óslitið undir handleiðslu Snæbjarnar Bjarnasonar til 31. október 1947, en þá fór Snæbjörn alfarinn úr þjónustu stefnda. Eftir það vann stefnandi hjá stefnda án handleiðslu eða tilsagnar meistara í iðninni þar til um mánaðamótin júní og júlí 1949. Taldi þá stefnandi, að kennslan væri svo stórlega vanrækt, að ekki væri lengur við unandi, og fór úr þjónustu stefnda. Um sama leyti eða hinn 1. júlí 1949 var námssamningnum riftað. Til nokkurra árekstra kom milli föður stefnanda og stefnda, er námssamningnum var riftað, og eru þeir ekki sammála um, hvað skeð hafi.

Skömmu eftir að stefnandi fór úr þjónustu stefnda, hóf hann prentnám við venjuleg prentnemakjör hjá prentsmiðjunni Eyrún h/f í Vestmannaeyjum. Virðist námssamningurinn hafa verið gerður 1. ágúst 1949, en prentnámi lauk stefnandi 1. ágúst 1953.

Stefnandi taldi, að hann ætti skaðabótakröfu á hendur stefnda vegna vanefnda hans á námssamningnum, og með bréfi, dags. 14. október 1949, fór stefnandi og faðir hans þess á leit, að gerðardómur yrði skipaður samkvæmt heimild í 19. grein laga um iðn-

aðarnám til þess að dæma um skaðabætur vegna ólöglegar rift-ingar og vanefnda stefnda á námssamningnum. Var skaðabótakrafa hans upphaflega kr. 362.226.72 auk vaxta og málskostnaðar, en undir rekstri málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar. Úrskurður gekk í málinu 8. júní 1950. Komst gerðardómurinn að þeirri niðurstöðu, að stefndi hefði vanefnt námssamninginn mjög stórkostlega og bakað sér skaðabótaábyrgð. Var honum gert að greiða kr. 45.000.00 í bætur ásamt 5% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og kr. 5.000.00 í málskostnað. Gerðardóm þenna skipuðu þáverandi bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, Gunnar Þorsteinsson, sem dómsformaður, og af hálfu stefnanda fyrst í stað Jón Eiríksson skattstjóri og síðar Gunnar A. Pálsson hrl., en af hálfu stefnda Jóhannes Eliásson hdl. Áður en úrskurður gekk í gerðardóminum, hafði Jóhannes vikið úr honum og tók því ekki þátt í uppkvæðningu úrskurðarins.

Eins og áður segir, var úrskurður gerðardómsins frá 8. júní 1950 felldur úr gildi með dómi Hæstaréttar 21. nóvember 1952.

Með bréfi, dags. 25. febrúar 1953, til lögreglustjórans í Vestmannaeyjum fór stefnandi þess enn á leit, að kvaddur yrði saman gerðardómur samkvæmt lögum um iðnaðarnám til þess að úrskurða um bótakröfur sínar á hendur stefnda. Kvaðst stefnandi jafnframt mundu gera þær kröfur fyrir gerðardóminum, að sér yrðu úrskurðaðar tjónbætur, að fjárhæð kr. 35.000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og málskostnaði eftir mati dómsins.

Kom hinn nýi gerðardómur fyrst saman 17. marz 1953, og skipuðu hann þessir menn: Torfi Jóhannsson bæjarfógeti sem dómsformaður, Gunnar A. Pálsson hrl., tilnefndur af stefnanda, og Sveinbjörn Dagfinnsson cand. juris, tilnefndur af stefnda. Þann 24. marz 1953 kvað gerðardómurinn upp úrskurð í málinu, og úrskurðaði meirihluti dómsins, þeir Torfi og Gunnar, að stefndi í máli þessu skyldi greiða stefnanda kr. 25.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað. Minni hlutinn, Sveinbjörn Dagfinnsson, skilaði sératkvæði á þá leið, að stefndi skyldi vera sýkn af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaður skyldi falla niður.

Fyrir bæjarþinginu krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða fjárhæð þá, er meirihluti gerðardómsins úrskurðaði.

Stefndi hefur aftur á móti krafizt þess, að gerðardómurinn verði felldur úr gildi og stefndi sýknaður. Hefur hann fært fram þrjár ástæður fyrir kröfum sínum, og skulu þær nú athugaðar.

Í fyrsta lagi heldur stefndi því fram, að einn gerðardómsmanna Gunnar A. Pálsson fullnægi ekki hinum sérstöku dómarskilyrðum til meðferðar málsins, þar sem hann hafi sýnt, að hann beri kala til stefnda.

Á þetta verður ekki fallizt. Þykir ekki neitt það hafa komið fram í málinu, sem styður þá fullyrðingu, að Gunnar A. Pálsson hafi sýnt stefnda nokkra þá óvináttu, er hafi gert hann vanhæfan til þess að gegna störfum í gerðardóminum. Í hæstaréttarmálinu nr. 27/1952 frá 21. nóvember 1952, í máli milli aðilja máls þessa, sem áður er til vitnað, kom það til álita, hvort Gunnar hefði verið hæfur til setu í gerðardómi þeim, er fjallaði um sama sakarfeni og hér liggur fyrir. Komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu, að skipun gerðardómsins ætti eigi að valda ógildi úrskurðar hans. Hafa ekki í máli þessu verið leidd rök að því, að Gunnar hafi síðar hegðað sér á þann hátt gagnvart stefnda, er hafi gert hann óhæfan til þess að skipa gerðardóm þann, er kvað upp úrskurðinn frá 24. marz 1953.

Í öðru lagi heldur stefndi því fram, að gerðardómur sé ekki fær um að kveða upp úrskurð um hæfi eða vanhæfi gerðardómenda, eins og meirihluti gerðardóms þess, er hér um ræðir, hafi gert. Telur stefndi þetta atriði heyra undir almenna dómstóla.

Rétturinn lítur svo á, að gerðardómendum, eins og öðrum dómendum, beri sjálfum að úrskurða um hæfi sitt eða vanhæfi til þess að gegna dómastörfum í hverju einstöku máli.

Í þriðja lagi telur stefndi, að gerðardómendur hafi ekki gætt réttra sjónarmiða við ákvörðun bóta úr sinni hendi, fyrst og fremst af þeirri ástæðu og með það í huga, að sýkna hefði átt af bótakröfunni, þar sem bótagrundvöllur væri eigi fyrir hendi.

Rétturinn lítur svo á, að gerðardómurinn frá 24. marz 1953 hafi í úrskurði sínum við ákvörðun fébóta til handa stefnanda gætt þeirra sjónarmiða, er um ræðir í dómi Hæstaréttar frá 21. nóvember 1952.

Úrskurður gerðardómsins verður því ekki felldur úr gildi af ofanefndum varnarástæðum stefnda.

Aðrar sýknuástæður en þær, er nú hafa verið raktar, hefur stefndi ekki haft uppi, varðandi kröfu stefnanda samkvæmt gerðardóminum. Grundvöllurinn undir kröfu stefnanda er gerðardómurinn. Eru kröfur stefnanda í samræmi við úrskurð dómsins. Verða því kröfur stefnanda samkvæmt gerðardóminum að öllu leyti teknar til greina. Úrslit málsins verða því þau, að dæma ber stefnda til þess að greiða stefnanda gerðardómskröfuna, kr. 25.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðslu-

dags og kr. 3.000.00 í málskostnað, allt samkvæmt gerðardómi 24. marz 1953.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun talsmanns stefnanda hér fyrir dóminum, Jóns Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, þykja hæfilega ákveðin kr. 3000.00, er greiðist úr ríkissjóði.

#### D ó m s o r ð :

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Jóni Kristjánssyni, kr. 25.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað, allt samkvæmt gerðardómi, upp kveðnum 24. marz 1953.

Málskostnaður falli niður. Málflutningslaun talsmanns stefnanda, Jóns Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. janúar 1956.

Nr. 1/1956. **Bæjarstjóri Siglufjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs**  
 gegn  
**Steinþóri Pálssyni Árdal og gagnsök.**

Dóminu skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Felldur úr gildi úrskurður fúgetadóms um frávísun.

#### Dómur Hæstaréttar.

Magnús E. Guðjónsson, fulltrúi lögreglustjórans á Keflavíkflugvelli, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Aðalkærandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. f. m. Hann krefst þess, að úrskurður fúgetadómsins verði úr gildi felldur, lagt verði fyrir fúgeta að kveða á um efni málsins og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.